**Ed.** **598. Frumvarp til laga**

um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 38 með þessum breytingum:

Síðasta málsgr. 33. gr. hljóðar svo:

Þeim, sem tekið höfðu hið meira vélstjórapróf við vélstjóraskólann í Reykjavík, áður en rafmagnsdeildin var sett við hann, og komnir eru í starf á skipi í sérfræðigrein sinni, áður en lög þessi öðlast gildi, veitir próf þeirra sömu réttindi og hið mesta vélstjórapróf samkvæmt lögum þessum, að rafmagnsfræði meðtalinni.

59. gr. hljóðar svo:

Þeir, sem tekið hafa smáskipapróf samkv. lögum nr. 40 19. júní 1922, halda áfram þeim réttindum, er þeir hafa öðlazt samkv. þeim lögum.